

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Rannsóknarsjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur nr. 816/2007.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem sjóðstjórn finnst tilefni til.

Heimild stjórnar sjóðsins til úthlutunar nær til að úthluta allri raunávöxtun sjóðsins auk allt að 10% af bundnum höfuðstól árlega, skv. endurskoðuðum ársreikningi sjóðsins. Óúthlutaðir vextir ef einhverjir eru leggjast við bundinn höfuðstól.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. febrúar 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.